

**6. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Reykholti,  
þriðjudaginn 21. maí 2019 , kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Guðrún S. Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Hreinn Þorkelsson, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi stm. grunnskóla Laugarvatni, Freydís Örygsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara Reykholti, Elín Svafa Thoroddsen, fulltrúi foreldra Álfaborg, Sólveig B. Aðalsteinsdóttir, fulltrúi starfsmanna Laugarvatni og Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna Álfaborgar.

**Forfallaðir:** Kristín Ingunn Haraldsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólastigs Laugarvatni, Þóra Þöll Meldal, fulltrúi foreldra leikskólastigs Laugarvatni, Herdís Friðriksdóttir, fulltrúi foreldra Reykholti

**Fundargerð ritaði:** Axel Sæland, ritari skólanefndar.

**1. Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum-útfærsla starfsnámsárs og námsstyrkir - 1905042**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. maí 2019, varðandi aðgerðir stjórnvalda í menntamálum - útfærsla starfsnámsárs og námsstyrkir, sem miða að því að auka nýliðun í kennarastétt.

*Lagt fram.*

**2. Ytra mat á grunnskólum, Bláskógaskóli Laugarvatni - 1812006**

Ytra mat Menntamálastofnunar á Bláskógaskóla Laugarvatni, vísað til skólanefndar af sveitarstjórn hinn 3. apríl 2019. Lagt er fram bréf Menntamálastofnunar, dags. 27. mars 2019, lokaskýrsla og afgreiðsla sveitarstjórnar.

*Elfa Birkisdóttir, skólastjóri, fór yfir helstu niðurstöður og greindi frá vinnu við umbótaáætlun. Skólanefnd óskar skólastjórnendum og starfsfólki Bláskógaskóla Laugarvatni til hamingju með góðar niðurstöður úr ytra mati Menntamálastofnunar.*

**3. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2019 - 1905043**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. maí 2019, tilkynning um úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2019.

*Lagt fram.*

**4. Málþing sambandsins um skólasókn og skólaforðun 20. maí 2019 - 1905044**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. apríl 2019, tilkynning um málþing um skólasókn og skólaforðun sem haldið verður 20. maí 2019.

*Lagt fram.*

**5. Innritunarreglur leikskóla - 1903022**

Innritunarreglur leikskóla sem samþykktar voru af sveitarstjórn 21. mars s.l.

*Reglurnar voru lagðar fram til kynningar. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.*


*AS*  
*ASM*

## 6. Skóladagatöl 2019- 2020 - 1905045


Skóladagatöl leik- og grunnskóla fyrir skólaárið 2019 til 2020.


Skólastjórnendur fóru yfir skóladagatöl leik- og grunnskóla. Skólanefnd samþykkir skóladagatölin.

Fundi slitið kl. 17.00

  
Guðrún S. Magnúsdóttir


  
Axel Sæland


  
Lieselot Simoen


  
Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

  
Sólveig B. Aðalsteinsdóttir

  
Elín Svafa Thoroddsen

  
Kolbeinn Sveinbjörnsson

  
Elfa Birkisdóttir

  
Hreinn Þorkelsson

  
Freydís Örlygsdóttir

  
Guðbjörg Gunnarsdóttir